

heimili&hönnun

LAUGARDAGUR 24. JANÚAR 2009

● ÍSLENSK HÖNNUN
Áberandi á
Forum Aid 2009

● STELDU STÍLNUM
Forskrift að
fallegrri stofu

● INNLIT
Gerðu upp
gamlan bæ

FRÉTTABLAÐIÐ

ERUM AÐ TAKA VIÐ VERKUM Á NÆSTA LISTMUNAUPPBOÐ

Tökum einnig antikmuni, skartgripi og fleira

Galleri
BORG

Skipholti 35
105 Reykjavík. sími 511 7010
Gsm: 847-1600
petur@galleriborg.is



Galleri
BORG

Skipholti 35
105 Reykjavík. sími 511 7010
Gsm: 847-1600
petur@galleriborg.is

LÆGRI SÖLULAUN - ÖRUGG ÞJÓNUSTA



HEIMILISHALD
RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR

Hvað býr að baki

Skjótt skipast veður í lofti. Nú þykir ekki töff að eiga flat-skjá eða veggfóðra baðherbergið í svörtu, slíkir hlutir heyra sögunni til. Sjónvarpsþættir sem byggðust á innliti inn í vel stíllíseruð heimili hafa verið teknir af dagskrá og aðrar áherslur ráða ferðinni. Fólk staldrar við og veltir fyrir sér hvað það er sem raunverulega gerir heimili að heimili. Eru það gljásprautaðar innréttingar og gegnheil eik eða eitthvað allt annað?

Heimilið er griðastaður fjölskyldunnar innan fjögurra veggja og ef við getum sinnt okkar grunnþörfum og okkur líður vel þarf ekki meira. Auðvitað er alltaf gaman að hafa fallega hluti í kringum sig en hugsanlega skiptir þó sagan bak við hlutinn meira máli en hvar hann var keyptur. Slitinn stóll úr búi ömmu og afa getur gefið stofukróknunum jafn mikið gildi og frægur stóll sem kostaði mikið. Það er spurning fyrir hvern við stillum stólnum upp, er það fyrir okkur sjálf eða fyrir þá sem koma í heimsókn?

Fólk safnar gjarnan að sér frægum hlutum úr hönnunarsögunni og má líta á það sem fjárfestingu eins og að fjárfesta í myndlist. Margir virtust þó ekkert vita um hlutinn eða um höfund þess hlutar sem þeir sýndu stoltir í innlitsþáttum. Þá var jafnvel hægt að efast um að nokkuð annað lægi að baki kaupnum en sýndarmennska og löngun til að tilheyra ákveðnum hópi.

Á bak við hvern hlut liggur hugmyndafræði hönnuðarins og það er það sem gerir hann áhugaverðan. Sagan af því hvernig hann varð til, úr hvaða umhverfi hann spratt og hvaða tilgangi hann þjónar. Hverjir aðrir en þú eiga hann eða hvað hann kostar skiptir engu máli. Á tímabili blómstruðu verslanir sem seldu eftirlíkingar af frægri hönnun, en tilgangurinn með því að kaupa eftirlíkingu getur ekki verið neinn annar en löngunin til að sýnast eiga eitthvað. Virðingin fyrir hlutum er enginn né skilningur á því hvað liggur að baki honum.

Nú sjáum við í gegnum sýndarmennskuna og metum aðra þætti.



● **Forsíðumynd:** Mynd úr einkasafni Friðgerðar Guðmundsdóttur **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is, Emillía Örlygsdóttir emillia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is



● **RUSL Í NÝJU LJÓSI** Frakkinn Gilles Eichenbaum tekur gamla úr sér gengna hluti, sérstaklega gömul eldhúsáhöld og -tæki, og breytir þeim í hreinustu listaverk.

Hann hannar undir nafninu Garbage, eða Rusl. Með því að bora smá göt í ýmsum mynstrum í yfirborð hluta á borð við gamla katla, járnfötur og bala, verður rusl að fínasta heimilisstássi. Hann breytir gömlum brauðristum og hakkavélum í fínustu lampu. www.garbage-vpot.com.

Heiður að vera valin

● Sesselja Thorberg vörubönduð er einn þeirra hönnuða sem áttu vinningstillögu í vöruböndunarverkefninu Hönnun í útflutning en hún hannaði umbúðir fyrir Villimey ehf.

Fagrað vöruböndunarverkefnisins Hönnun í útflutning hefur nú valið sex tillögur af 65 tillögum hönnuða sem bárust. Enn á eftir að velja tillögu fyrir fyrirtækið JS Gull. Sesselja Thorberg vörubönduð var einn þeirra hönnuða sem valdir voru til samstarfs við fyrirtæki í verkefninu og hannaði hún fyrir Villimey ehf.

„Sjö fyrirtæki voru valin til að taka þátt en hvert fyrirtæki fær styrk sem nemur 550 þúsund krónum frá Útflutningsráði til að setja í hönnunarsvinnuna en fyrirtækin leggja út jafnháa upphæð á mót. Markmiðið er að leiða saman fyrirtæki og hönnuði til að hanna og framleiða nýja vöru til útflutnings,“ segir Sesselja og bætir við að mismunandi hafi verið hverju fyrirtækin vildu ná fram með samkeppninni.

„Villimey vildi fá nýjar umbúðir fyrir sínar vörur sem eru náttúruleg krem og smyrsl úr handtíndum jurtum á Vestfjörðum. Sú hugmynd heillaði mig mest. Var það meðal annars vegna þess að mér fannst kominn tími til að gera eitthvað ríttækt með þeirra umbúðir sem eru svolítið barn síns tíma. Mér fannst því mesta áskorunin í því fólgin,“ útskýrir Sesselja áhugasöm. „Ég tók í raun mikla áhættu. Vörur í þessum flokki eru oft frekar ljúfar og notalegar í útliti en ég fór þá leið að einblína frekar á stemninguna og birtuna á Vestfjörðum og var þá með svartnættið og norðurljósín í huga. Nöfnin á kremunum tengjast göldrum og gekk ég út frá því.“ Í ljós kom að fyrirtækið vildi



Sesselja hrósar þeim fyrirtækjum sem þora að leggja út í samkeppni á borð við Hönnun í útflutning og prófa eitthvað nýtt með íslenskum hönnuðum.

fara í miklar breytingar og höfðaði tillagan til þeirra. „Þrátt fyrir að þetta hafi verið vinningstillagan þá hefst nú langt og strangt þróunarferli þannig að óvíst er að lokaniðurstaðan verði eins og í dag,“ segir hún og brosir.

Að mati Sesselju er mikill heið-

ur að vera valin úr hópi hæfileikaríkra hönnuða. „Svo er alltaf mikils virði að verða sér úti um nýja reynslu. Villimey er stórkostlegt fyrirtæki og sé ég þar mikla vaxtarmöguleika,“ segir hún. Aftakstur samstarfsins verður kynntur á sýningu í maí.

FRETTABLAÐ/VALLI



STÆRSTI SJÓNVARPS- VIÐBURÐUR Í HEIMI

MÁNUDAGA KL. 20:00



CLASSIC GEGNHEIL EIKARLÍNA -30%



Glerskápur
Stærð: Br:100cm D:40cm H:190cm
Verð áður: 128.000,-
VERÐ NÚ: 89.600,-

Borðstofuborð
Stærð: 200cmX100cm
Verð áður: 114.000,-
VERÐ NÚ: 79.800,-



Skenkur
Stærð: Br:150cm D: 50cm H: 90cm
Verð áður: 114.000,-
VERÐ NÚ: 79.800,-

Skenkur
Stærð: Br: 200cm D:50cm H:90cm
Verð áður: 128.000,-
VERÐ NÚ: 89.600,-

Borð
Stærð: 160cmX90cm
Verð áður: 85.000,-
VERÐ NÚ: 59.500,-



Sjónvarpsskenkur
Br:180cm D:50cm H:50cm
Verð áður: 98.000,-

VERÐ NÚ: 68.600,-
Einnig fáanlegur í stærðinni
Br:120cm D:50cm H:50cm




Sófaborð
120cmX70cm
Verð áður: 42.000,-
VERÐ NÚ: 29.400,-
Einnig fáanlegt
í stærðinni 65cmX65cm



Lia stóll
Fáanlegur í brúnu
Verð áður: 14.500,-
-25%
VERÐ NÚ: 10.875,-

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI 20-70% AFSLÁTTUR



Oleandro
stækkanlegt borð
Beyki
Einnig fáanlegt í bæsuðu beyki
Stærð: 120cm(180cm)X120cm
Verð áður: 86.000,-
-20%
VERÐ NÚ: 68.800,-

Palma leðursófasett
Fáanlegt í brúnu leðri
2ja sæta

Verð áður: 114.000,-

-30%
VERÐ NÚ: 79.800,-

3ja sæta
Verð áður: 123.000,-

-30%
VERÐ NÚ: 86.100,-



Morris tungusófi
Stærð: 260cmX180cm
Microfiber áklæði
Fáanlegur í tveimur litum
Verð áður: 209.000,-

-25%
VERÐ NÚ: 156.750,-



Metro tungusófi
Stærð: 266cmX166cm
Microfiber áklæði
Fáanlegur í tveimur litum
Verð áður: 198.000,-

-25%
VERÐ NÚ: 148.500,-



Comfort sófasett
2ja sæta
Verð áður: 112.000,-

-20%
VERÐ NÚ: 89.600,-

3ja sæta
Verð áður: 123.000,-

-20%
VERÐ NÚ: 98.400,-



ALLIR PÚÐAR -30%
Verð áður: 3.900,-
VERÐ NÚ: 2.730,-



Sleðarnir eru framleiddir í þremur litum eins og er. Til hægri er faðir Dags, Óskar Pálmason, á sínum yngri árum við fyrirmyndina að plastsleðanum.

Bakaðir eins og kaka

Sýning á plastsleða Dags Óskarssonar vöruhönnuðar verður opnuð á torgi Þjóðminjasafnsins í dag klukkan 14. Sleðinn er meistaraþrófsverkefni hans og hugmyndin er sótt í gamla sleða sem eru þekktir víða. Dagur, sem er frá Dalvík, ólst upp við notkun slíkra sleða meðal annars eins eftir langafa sinn. „Mig langaði að elta uppi þetta gamla útlit, láta viðaræðarnar og naglahausana sjást og hafa sleðann veðraðan,“ segir hönnuðurinn sem lætur búa til sleðana í sinni heimabyggð. „Þeir baka þá fyrir mig í Promens á Dalvík. Það er gamla Sæplast,“ segir hann og útskýrir nánar: „Í framleiðslunni eru sleðarnir bakaðir eins og kaka. Efninu er hellt í mót og bakað. Litar-efnið er í plastinu og gefur endalaus möguleika.“ Hann kveðst hafa haft kjálkana ívið breiðari en á fyrirmyndinni svo þeir renni betur. „Þá gagnast þeir í ólíkri færð.“

-gun



Friðgerður Guðmundsdóttir er tilnefnd fyrir Stuðla, útskriftarverkefni sitt úr vöruhönnunardeild LHI, í nýjum flokki sem kallast Besta nemendaverkið.

MYND/FRIÐGERÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR



Kurtogpi Arkitekta eru tilnefndir í flokknum Besti arkitektúr fyrir einbýlishús í Perlukór.

MYND/KURTOGPI



PK Arkitekta eru tilnefndir í innanhúshönnun fyrir skrifstofubyggingu undir stjórnsýslu Reykjavíkurborgar.

MYND/PK-ARKITEKTAR



Katrín Ólína Pétursdóttir er tilnefnd í tveimur flokkum; í flokknum Besta innanhúshönnunin fyrir Cristal bar og Besta vöruhönnunin fyrir Mestabekk sem hún vann í samvinnu við steypusmiðjuna Mest í Hafnarfirði.

MYND/KATRÍN ÓLÍNA

AF LAGER Á LÆGRA VERÐI

NÚ BJÓÐUM VIÐ ÁKVEÐNAR GERÐIR ELDHÚS, BAÐ - OG ÞVOTTAHÚSINNRETTINGA, EINNIG FATASKÁPA TIL AFGREIÐSLU AF LAGER (MEÐAN BIRGÐIR ENDAST) MEÐ 25% AFSLÆTTI.

ELD HÚS
EINS OG ÞÚ VILT HAFA ÞAÐ
Val um 32 hurðagerðir

PISA höldulaust hvítt háglang
Birkli Duo

BETRA BAÐ
BETRI LAUSNIR - MEIRA ÚRVAL

PISA höldulaust háglang
BAÐINNRETTINGARNAR byggjast á einingakerfi 30, 40, 60 og 80 cm breiðra eininga. Ótæmandi uppþöðunarmöguleikar. Við hönnun og teiknum fyrir þig.

Askur Facet

25%

nettoline
AUBVELT · FLJÓTLEGT · ÖDÝRT

FATASKÁPAR Við sniðum innréttingar að þínu óskum

ÞVOTTAHÚS

SÝNINGAINNRETTINGAR MEÐ 60% AFSLÆTTI
Vegna breytinga á vöruvali seljum við nú einnig nokkrar sýningainnréttingar með 60% afslætti.

25% AFSLÁTTUR AF RAFTÆKJUM, ÞEGAR ÞAU ERU KEYPT MEÐ INNRETTINGU !

ELDAVÉLAR - INNBYGGINGAROFNAR - HELLUBORÐ - VIFTUR - HÁFAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - KÆLSKÁPAR - FRYSTISKÁPAR

Mán. - föst.kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16

OPIÐ **ELBA** **Friform**

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • www.friform.is

Íslendingar tilnefndir

● Sænska hönnunartímaritið Forum Aid efnir til hönnunarsamkeppni áttunda árið í röð. Keppt er í fjórum flokkum og eiga íslenskir hönnuðir fulltrúa í öllum flokkum.

Fagaðilum á sviði hönnunar og arkitektúrs á Norðurlöndunum er boðin þátttaka í Forum Aid-hönnunarsamkeppninni og undanfarin ár hefur verið keppt í þremur flokkum: arkitektúr, innanhúshönnun og vöruhönnun. Í ár var fjórða flokknum bætt við, Besta nemendaverkið, og á Ísland fulltrúa í öllum flokkum.

Í flokknum Besti arkitektúr 2008 eru Kurtogpi Arkitekta tilnefndir fyrir einbýlishús í Perlukór, í innanhúshönnun er Katrín Ólína Pétursdóttir tilnefnd fyrir Cristal bar, PK Arkitekta fyrir Reykjavík city administration og KRADS Arkitekta fyrir Skin, bar & clinic.

Katrín Ólína er einnig tilnefnd í vöruhönnunarflokki fyrir Mestabekk og SruLi Recht fyrir Ísbjörn. Í

Vöruhönnuðurinn SruLi Recht er tilnefndur fyrir verk sitt Ísbjörn í flokknum Besta vöruhönnunin.

MYND/SRULI RECHT

nýja flokknum, Besta nemendaverkið, er Friðgerður Guðmundsdóttir tilnefnd fyrir Stuðla, útskriftarverkefni sitt síðastliðið vor frá vöruhönnunardeild LHI.

Alþjóðleg dómnefnd mun velja úr verkum og kynna úrslit hinn 3. febrúar með viðhöfn og veislu í Rival-leikhúsinu í Stokkhólmi.

Dómnefndina skipa meðal annars Marcus Fairs, hönnuður og blaðamaður, sem er jafnframt einn af stofnendum tímaritsins Icon Magazine og ritstjóri vefritsins Dezeen, og belgíski hönnuðurinn Dirk Wynants, eigandi stofunnar Extremis.

-rat

Hugsað og mótað í leir

Mótun, leir og tengd efni er nýleg námsbraut við Myndlistaskólann í Reykjavík í samstarfi við Tækniskólann þar sem nemendur vinna með leir og keramik og læra að hugsa og móta í gegnum efnið.

Um er að ræða tveggja ára diplómanám sem getur leitt til BA-gráðu ef nemendur bæta við sig þriðja árinu í erlendum listaháskóla.

Í náminu gefst nemendum kostur á að kanna hagnýta möguleika leirs við framleiðslu einstakra

gripa, fjöldaframleiðslu sem og annarra skapandi verka. Lögd er áhersla á að tengja gamla og nýja þekkingu auk þess sem námið er hugsað sem tilraunastofa með íslensk jarðefni og vettvangur fyrir skapandi hugmyndir um nýtingu þeirra.

„Í náminu er bæði unnið með myndlist og hönnun að leiðarljósi. Það er að mestu verklegt en þó með fræðilegu ívafi,“ segir Ólöf Erla Bjarnadóttir, deildarstjóri keramikdeildar skólans.

-ve



Námið er meðal annars hugsað sem tilraunastofa með íslensk jarðefni.

MYND/MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK



FYRSTI ÍSLENSKI LÖGFRÆÐIKRIMMINN


SUNNUDAGA KL. 20:30

HERADSDÓMUR REYKJAVÍKUR

RETTUR


ÞAD ER
ÖDYRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

MEÐ VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 FYLGIR
STÖÐ 2 EXTRA OG STÖÐ 2 BÍÓ FRÍTT MEÐ



● **ÁHÖLD SÓLEYJAR Í FRAME** Íslensk hönnun sækir í sig veðrið á alþjóðavettvangi. Gaman er frá því að segja að útskriftarverkefni Sóleyjar Þórisdóttur frá vörhönnunardeild LHI, Áhöld, fékk umfjöllun í desemberhefti hollenska hönnunartímaritsins Frame. Tímaritið er virt fyrir faglega umfjöllun um hönnun, listir og arkitektúr. Í sama tölublaði er meðal annars fjallað um hollenska listamanninn Germaine Kruijff og breska hönnuðinn Sam Buxton.

hönnun



● **GEORGE NELSON** George Nelson (1908-1986) var einn af frumkvöðlum bandaríska modernismans ásamt Charles og Ray Eames. Með frægari verkum hans voru klukkur sem hann hannaði í ýmsum formum. Fyrirtæki hans, George Nelson Associates, hannaði nærri 300 veggklukkur fyrir fyrirtækið Howard Miller Clock Company.

Margar af hönnunum sem kenndar eru við Nelson voru þó hannaðar af starfsmönnum hans.



Gamli bærin á Vegamótum er eini fulltrúi húsa af þeirri gerð sem byggð voru meira af nauðsyn en efnum þegar fólk tók að setjast að við Dalvíkina.



Mikið verk var fyrir höndum þegar hjónin hófust handa við að gera upp gamla bæinn en nú sér fyrir endann á því.



Íbúðarhúsið var tekið í notkun árið 1957 en við hlið þess er lítið hús sem byggt var árið 1914. Þar bjó langamma Heiða.

Húsin við Vegamót

● Hjónin Kristín Aðalheiður Símonardóttir og Bjarni Gunnarsson á Dalvík hafa áhuga á varðveislu gamla tímans. Þau hafa gert upp hús frá árinu 1914 og eru með annað í bígerð.

Húsin við Vegamót standa við innkeyrsluna á Dalvík, þegar komið er frá Akureyri. Þar búa hjónin Kristín Aðalheiður Símonardóttir, kölluð Heiða, og Bjarni Gunnarsson. „Við fluttum á Vegamót fyrir þremur árum en þar bjó á sínum tíma langamma mín, Ingigerður Sigfúsdóttir, og afi minn, Snorri Arngrímsson,“ segir Heiða. „Íbúðarhúsið var tekið í notkun árið 1957 en við hlið þess er lítið og sætt hús sem byggt var árið 1914. Þar bjó langamma mín en í húsinu bjuggu um fimm manns á einungis 30 fermetrum.“ Mörg hús af svipaðri gerð voru byggð á Dalvík og í Svarfaðardal en þetta er það eina sem enn er uppistandandi.

Ætlunin var að gera gamla húsið upp og hefur síðan í september verið unnið að endurbótum á gamla bænum. „Við höfum notið fulltingis þeirra Hólmsteins Snædal og Vésteins Finnssonar, húsa-smíðameistara frá Akureyri, við lagfæringar. Hólmsteinn er einn af helstu sérfræðingum landsins í endurgerð gamalla húsa og hefur meðal annars gert upp mörg af elstu og fallestu húsum Akureyrar,“ segir Heiða ánægð en hún er þekkt fyrir að vera nýtin og handlagin.

Að sögn Heiðu telja þau hjónin það skyldu sína að heiðra minningu þeirra sem þarna bjuggu og viðhalda í leiðinni einu af elstu húsum Dalvíkur. „Margir af eldri kynslóðinni hafa komið að máli við okkur og lýst yfir ánægju með framtakið. Sumir kunna sögur af heimsóknum sínum í gamla Vegamótabæinn og viljum við gjarnan heyra frá fleirum sem þekja sögu hússins.“

Húsið hefur ekki einungis verið



Skápinn fékk Heiða gefins frá vinafólki í Kópavogi sem var að flytja til útlanda. Servanturinn ofan á skápnum var líka gjöf.


MYND/BJARNI GUNNARSSON



Klukkan er frá 1872 og kemur austan af fjörðum. Hana fékk Bjarni að gjöf þegar hann var svaramaður vinar síns en enginn hafði viljað hana fram að því.



Húsið hefur verið íbúðarhús og fjós.



Ljósakrónan var keypt í Danmörku.

íbúðarhús í gegnum árin því þar var fjós um tíma. Enn má sjá merki þess þar sem kýrnar hafa nagað og sleikt innanhúspanelinn. „Við höfum alltaf haft mikinn áhuga á að stuðla að varðveislu gamalla minja og húsa í sveitarfélaginu og höfum áður endurbyggt gamalt hús á Dalvík,“ segir Heiða, sem fékk niðurrifi gamalla fjárhúsa við bæjarmörkin frestað með undirskriftalista og hefur sínar hugmyndir um notkun þeirra. „Ég fékk milljón króna styrk í

gegnum atvinnumál kvenna til að útbúa viðskiptaáætlun og vinna að hönnun. Hugmyndin var að koma á fót söguþetri um Bakkabræður og hafa ýmsa viðburði í kringum það. Síðan höfum við áform um byggingu smáhúsa fyrir ferðabjónustu á lóðinni okkar,“ segir Heiða, sem ætlar líka að flytja annað 100 ára gamalt hús á lóðina, en auk þess að vinna að varðveislu gamalla húsa starfar hún á bókasafni Dalvíkurskóla og rekur blómabúð.

Árangur fer eftir gæðum Hvaða Spirulina ert þú að taka?

29 vítamín og steinefni · 18 aminosýrur · Blágræna · Omega GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans

Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

LifeStream®

Aukið úthald,
þrek og betri líðan

Gott fyrir ræktina og mikið álag. Spirulina inniheldur mikið af blágrænu og glyccogen, því meira glycogen sem er til staðar í líkamanum við æfingar því betri árangur. Blágræna eykur súrefnisfluttning í blóðinu. Ef Spirulina er tekið inn 1/2 tíma fyrir æfingar eða annað álag gefur það aukið þrek, úthald og einbeitingu. Dregur úr þirringi, sleni og sætindabörf, truflar ekki svefn. Gæðastaðall ISO9001, ISO1401.



Fæst í apótekum, heilsubúðum og Frihöfninni.

www.celsus.is

Fornar hellamyndir á nýju Kaffi Zimsen

Risastórt listaverk eftir Kolbrá Bragadóttur prýðir Kaffi Zimsen sem verður opnað formlega í Hafnarstræti 18 í kvöld.

Eigendur Kaffi Zimsen eru þeir Gísli Ingi Gunnarsson og Guðjón Óli Sigurðsson. Gísli stofnaði á sínum tíma Kaffi Thomsen og fékk Fjölni Bragason til að skreyta einn vegginn hellamyndum. Þegar hugmyndin að Zimsen vaknaði bað Gísli Fjölni að endurtaka leikinn og átti Kolbrá systir hans að mála myndina með honum. Vegna veikinda hefur þó Kolbrá unnið verkið að mestu leyti ein. „Þetta er vísun í fyrstu hellamálverkin,“ segir Kolbrá sem ákvað að vinna myndina á sinn eigin hátt í stað þess að reyna að herma eftir einhverju sem bróðir hennar hafði áður gert. „Þemað er svipað en ég hef gert þetta eftir mínu höfði og það hefur gengið vel.“



Kolbrá mundar pensilinn og leggur lokahönd á listaverkið.

FRETTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kaffi Zimsen verður kaffihús á virkum dögum. „Í febrúar ætlum við að byrja að bjóða upp á súpu í hádeginu á lágu verði,“ segir Gísli en súpa og brauð mun kosta 400 krónur. Um helgar er ætlunin að plötusnúðar

þeyti diskum á föstudags- og laugardagskvöldum en í bígerð er að efnit verði til uppkomna á fimmtudagskvöldum og jafnvel oftar. Opið verður til eitt á virkum dögum en til hálf sex um helgar.

-sg



Steldu stílnum í stofunni

● Innanhússhönnun er ekki öllum gefin. Valkviðinn getur lamað margan íbúðareigandann sem ætlar sér að gera fallegt heima hjá sér. Þá er ekkert að því að finna mynd af fallegru stofu í þeim stíl sem viðkomandi líkar og herma eftir.

1. Ljómandi falleg hangandi ljósakróna úr hvítu, hörðu plastefni. Sómir sér vel í stofu sem svefnherbergi. Fæst í Ikea á 4.690 krónur.

2. Dökkfjólublár glansandi púði með fallegum útsaumi. Fæst í The Pier á 1.990 krónur en er með 30 prósentu afslætti fram til 1. febrúar. Einnig drapplitur púði úr ullarefni. Smá laufblöð úr sama efni eru saumuð í púðaverið. Fæst í The Pier á 3.590 krónur en er með 40 prósentu afslætti út janúar.

3. Fallegt rauðvinsglas má vel nota undir sprittkerti. Fæst í The Pier á 390 krónur. Út janúar má fá þrjú fyrir tvö.

4. Sniðugt sófaborð Þegar borðplötunni er rennt í sundur frá miðju koma í ljós hentugar hirslur. Fæst í Línunni á 48.800 á útsölu.

5. IDBYN þriggja sæta sófi með fótskemli. Hægt er að nota skemilinn einan sér eða fastan við sófann. Fæst í Ikea og kostar 99.900 krónur.




Litríkir smámunir á borð við kertaglös og fallega púða lífga upp á stofuna og gera hana hlýlega.

NORDICPHOTOS/GETTY

síðustu dagar



Opið í dag 11 - 15



Einstakt tækifæri til að eignast vandað innbú

15-50%

af gamla verðinu

...á öllum vörum í búðinni

Reykjavík / Oslo



Fákafen 9
Sími: 568 2866
exo@exo.is
www.exo.is

JANÚAR ÚTSALA

PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED enox.

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

JVC SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 80 ÞÚSUND KRÓNA AFSLÆTTI

37" LCD SJÓNVARP

FULLT VERÐ 239.990

TILBOÐ 199.990

GRUNDIG AFSL. 40.000

22" LCD MEÐ DVD

FULLT VERÐ 79.990

TILBOÐ 59.990

UNITED AFSL. 20.000 / 25%

HEIMABÍÓ MEÐ ALLT AÐ

JBL **40% AFSLÆTTI** JVC

40% AFSLÁTTUR

Panasonic enox. PHILIPS

STAFRÆN JVC TÖKUVÉL

FULLT VERÐ 64.990

TILBOÐ 39.990

JVC AFSL. 25.000 / 38%

HÁTALARAR FYRIR MP3 OG IPOD MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

JBL

PHILIPS

harman/kardon



STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI

Panasonic

OLYMPUS

CASIO

Nikon

OPIÐ LAUGARDAG 10 - 16 - SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS



1971 - 2009

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

